

Áform um byggingar á íþróttasvæði Fram í Safamýri

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (USK) hélt kynningarfund 11. nóvember sl. fyrir fulltúa íbúaráða um breytingartillögur á aðalskipulagi Reykjavíkur. Þar voru nefndar hugmyndir um byggingaráform á íþróttasvæði Fram í Safamýri. Í málflutningi fulltrúa USK kom meðal annars fram sú hugmynd að byggja íbúðir á íþróttasvæði Fram í ljósi þess að Fram sé að flytja starfsemi sína úr Safamýrinni.

Íbúasamtök Háaleitis mótmæla þeirri hugmynd að byggja á íþróttasvæði Fram. Ástæðurnar eru eftirfarandi.

- Hugmyndin er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjavíkurborgar.
- Það er ekki boðlegt að nefna brotthvarf Fram af svæðinu sem rök fyrir nýrri íbúabyggð þarna, í ljósi þess að íþróttafélagið Víkingur hefur tekið yfir alla starfsemi Fram í Safamýri.
- Í samningi borgarinnar er kveðið á um að fara skuli fram þarfagreining vegna íþróttastarfs áður en því er ráðstafað að hluta eða fullu í annað. Það er skýr afstaða Víkings, út frá þeirra þarfagreiningu, að þetta svæði mun áfram verða nýtt að fullu undir íþróttastarf þeirra.
- Þessar hugmyndir ganga gegn vilja margra íbúa í hverfinu.
- Hugmyndir um byggingaráform á þessu svæði eru í engu samræmi við það sem fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa áður sagt á íbúafundum þegar kynnt var hvað tæki við þegar Fram færi úr Safamýri.
- Mikilvægt er að hafa í huga að hverfið er ekki ríkt af grænum svæðum. Sú hugmynd að ráðast í byggingu á skilgreindu grænu svæði, sem er nú þegar mjög takmarkað, er aðgerð sem íbúasamtökin geta ekki fallist á.

Það er því krafa íbúasamtakanna að Reykjavíkurborg standi við sín fyrirheit og haldi Fram svæðinu óbreyttu svo það nýtist áfram undir íþrótt- og æskulýðsstarfsemi fyrir íbúana í þessu hverfi.

Reykjavík, 23.11.2020

Stjórn Íbúasamtaka Háaleitis og Bústaða